

Móttökuáætlun fyrir nýjan nemanda/barn

Í leikskólann Undraland

Það er stór stund í lífi barns að byrja í leikskóla, allt er framandi og því mikilvægt að vel sé staðið að aðlögun strax frá upphafi. Hjá þeim börnum sem eru að byrja sína skólagöngu notum við svokallaða þátttökuáðlögun. Í henni felst að foreldrar eru fyrstu þrjá dagana í skólanum með börnum sínum. Þeir eru fullir þátttakendur og gefst því gott tækifæri til að kynnst leikskólastarfinu og kennurum deildarinnar vel. Að öllu jöfnu kveður barnið foreldra sína á fjórða degi. Börn þurfa mismikinn tíma til að aðlagast leikskólastarfinu og því mikilvægt að foreldra og kennarar meti saman hvað er hverju barni fyrir bestu hvað varðar aðlögun þess í leikskólann.

Markmið:

Markmið áætluninnar er að tryggja örugga og ánægjulega aðlögun barnsins að leikskólastarfi og skapa umhverfi þar sem barnið finnur sig velkomið og öruggt. Einnig að börn og foreldrar upplifi lærdómsumhverfi þar sem börn fá hvatningu til að læra á eigi forsendum.

Undirbúngur fyrir komu barns:

- Foreldrum er boðið í kynningarsamtal þar sem fjallað er um starfsemi leikskólans. Foreldrar undirrita dvalaramning, fá afhent dagsskipulag, einnig fá þau eyðublöð sem þarf að fylla út og snúa m.a. að því hvort barnið sé með einhverskonar ofnæmi og hvort foreldrar samþyki myndbirtingar.
- Ákveðið er hvenær barnið byrji í aðlögun og þátttökuáðlögun kynnt fyrir foreldrum.
- Skipuleggja hver tekur á móti barninu og hvaða starfsmaður verður aðal tengiliður.

Upplýsingaöflun frá foreldrum:

- Hefur barnið verið í öðrum leikskóla?
- Hver eru áhugasvið barnsins?
- Hefur barnið áskoranir, ofnæmi eða aðrar sérstakar þarfir?
- Hvernig gengur þegar barnið aðlagast nýjum aðstæðum?
- Hvaða óskir hafa foreldrar um t.d. svefni eða annað sem tengist þörfum barns þeirra.

Upplýsingar sem foreldrar fá:

- Foreldrahandbók þar sem kemur m.a fram:
 - Útskýring og áætlun þátttökuáðlögunar
 - Hvað þarf að koma með í leikskólann (föt o.fl.)
 - Matar- og hvíldar- og eða svefnfyrirkomulag.
 - Hvernig foreldrar geta haft samskipti við leikskólann.
 - Dagskipulag deildarinnar.

Fyrstu dagar barnsins:

- Foreldrar eru hvattir til að vera með barninu á aðlögunartímabili, í samræmi þáttökuaðlögunina.
- Barnið fær sína eigin skúffu inni á deild og fatapláss og mynd af sér til að merkja sitt rými í forstofu
- Deildarstjóri /kennari kynnir barnið fyrir öðrum börnunum og gefur þeim tækifæri til að kynnast.

Eftirfylgni:

- Deildarstjóri fylgist með aðlögun barnsins og veitir foreldrum endurgjöf.
- Foreldrar eru boðaðir í samtal tvisvar á ári þar sem farið er yfir þroska og hvernig gengur almennt í leikskólanum.
- Ef þeir eru áhyggjur í eða eftir aðlögun barnsins er fundur boðaður með foreldrum og rætt hvernig best er að koma til móts við þarfir barnsins.
- Eftir að barnið er byrjað í leikskólanum og upp koma grunsemdir hjá kennurum um að barnið eigi í einhverskonar vanda hvað varðar t.d.líðan, hegðun eða þroka þá eru foreldra boðari á fund til að foreldrar og leikskóli geti fundið út saman hvað best sé að gera fyrir barnið til að hjálpa því.

Laga- og reglugerðarsamantekt:

- Lög um leikskóla nr. 90/2008
- Reglugerð nr. 655/2009 um starfsemi leikskóla
- Aðalnámskrá leikskóla 2011

JBJ 24. mars 2025